

## Jafnlaunastefna Hörgársveitar

Hörgársveit leggur metnað sinn í að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni, þannig að launamunur sé ekki til staðar. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna Hörgársveitar.

Markmið Hörgársveitar er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem kynin hafa jöfn tækifæri í starfi.

Laun eru ákvörðuð í samræmi við starfsmat Samband Íslenskra sveitarfélaga þar sem menntun hæfni og reynsla, óháð kyni eða öðrum ómálaefnalegum ástæðum, er metin. Starfslýsingar eru til fyrir öll störf þar sem fram kemur hvaða menntun, hæfni og reynsla er farið fram á.

Sveitarstjóri ber ábyrgð á launastefnu og jafnlaunastefnu sveitarfélagsins og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Hann ber einnig ábyrgð á að verklagsreglum um ákvörðun launa sé framfylgt.

Samkomulag hefur verið gert við vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og kerfi Hörgársveitar. Geri vottunaraðili á einhverjum tímapunkti athugasemdir varðandi launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendingar og gerðar úrbætur fyrir næstu útborgun launa. Hörgársveit hefur skjalfest, innleitt, og heitir að viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur ÍST85:2012 staðalsins.

Hörgársveit hefur í þessu samhengi innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni eða öðrum ómálaefnalegum ástæðum. Hörgársveit skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna.

Á grunni nýs lagaramma hefur Hörgársveit skuldbundið sig að:

- Skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með úrbótum, stöðugum umbótum og eftirliti. – Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma skv. lögum 150/2020 og reglugerð 1030/2017.
- Forstöðumenn kynna stefnuna fyrir nýjum starfsmönnum
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum Hörgársveitar. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á heimasíðu Hörgársveitar.

Samþykkt í félagsmála- og jafnréttisnefnd Hörgársveitar 25.04.2022

Staðfest í sveitarstjórn Hörgársveitar 28.04.2022